



Alþingi  
Erindi nr. P 136/516  
komudagur 16.12.2008

Iðnaðarnefnd Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. desember 2008  
ÓRD/hó

**Efni: Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum v/kolvetnisstarfsemi 152. mál**  
*Tilv: 2008120008*

Hef tekið til umsagnar **Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi** lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008-2009 í samráði við Árna Snæbjörnsson og Samtök eigenda sjávarjarða.

Frumvarpið virðist vel unnið og kemur það ágætlega til móts við sjónarmið sem gilda um hafsvæði innan netlaga sem eru í einkaeign. Svo sem þar kemur fram eru netalög hafsvæðið á landgrunninu, þ.e. næst landi, innan efnahagslögsögunnar. Rétt er að hafa í huga að hafið, þ.e. sjórinn ásamt dýra- og plöntulífi, innan og utan netlaga, er á hreyfingu á milli netlaga og ytra svæðis og minna Samtök eigenda sjávarjarða á að um er að ræða ákveðna óskipta, sameign.

Kolvetnisstarfsemi, svo sem borun á sjávarbotni vegna olífuleitar og vinnslu, getur fylgt ákveðin mengunarhætta, bæði við borunina sjálfa og flutninga sem eiga sér stað um svæði innan netlaga. Þar sem lífríkið í hafinu er sérlega viðkvæmt, sérstaklega innan netlaga, alveg upp í fjöru, er mikilvægt að í lögunum verði tryggt, svo sem kostur er, að við kolefnisvinnslu, efnanotkun og flutninga til og frá fastalandinu, gildi skýr ákvæði sem verja og vernda þessi svæði, sérstaklega innan netlaga.

Þá verði þess gætt að tryggja viðeigandi rannsóknir og vöktun og ætla öllum undirbúningi nægan tíma. Jafnframt verði tryggt markvisst og reglubundið opinbert eftirlit með starfseminni.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Ólafur R. Þórmundsson